

slíkum mönnum sem honum, „óeðfestum, ábyrgðarlausum og tilfinningarlausum misindismönnum, sem engan greinarmun virðast kunna á sannleik og lygi“, sje leyft að fást við málafærslu hjer á landi. Þessi móðgandi ummæli ber að dæma dauð og marklaus, og verður jafnframt að sekta gagnstefnanda fyrir þennan ósæmilega rithátt. Ákveðst sektin 40 kr. Aðalstefnandi hefir einnig í sóknarskjölum sínum farið ýmsum óviðeigandi og litilsvirðandi orðum um aðalstefndan, svo sem þeim, að „athæfi aðalstefnds hafi verið miður fagurt og sannast að segja ilt, að starfsemi hans sje negativ og samsvari gáfnaðari hans og þekkingu á öllum sviðum, er aðalstefnanda sjeu kunn“.

Þessi og önnur litilsvirðandi og móðgandi ummæli um aðalstefndan ber einnig að dæma dauð og marklaus, og sekta stefnanda fyrir þau. Ákveðst sektin honum til handa 20 kr. Báðar sektirnar renni að hálfu leyti í landssjóð en að helmingi í fátækra-sjóð Akureyrarkaupstaðar.

Nr. 65/1919

Gunnlaugur Magnússon

gegn

Þóru Sigurbjörgu Jónsdóttir

Barnsfaðernismál.

Dómur lögreglurjettar Barðastrandarsýslu 25. mars. 1919. Gunnlaugur Magnússon á Vatneyri á, sem faðir barnsins Óli Sigurjón, er stúlkan Þóra Sigurbjörg Jónsdóttir Geirseyri fæddi hinn 5. júní 1917 og hlaut nafnið Óli Sigurjón, að greiða árlegt meðlag með því, samkvæmt yfirvalds úrskurði. Svo greiði hann og kostnað af málssókn þessari með krónum 12,00.

Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Dómur hæstarjettar.

Samkvæmt skýrslum málsins, þótt fremur ófullkomnar sjeu, er eigi loku fyrir það skotið, að áfrýjandinn geti verið faðir barns þess, Óla Sigurjóns, er

stefnda ól 5. júní 1917. Verður því samkvæmt N. L. 6—13—5. að láta úrslit málsins um meðlagsskyldu áfrýjanda velta á eiði áfrýjanda, þannig að hann skuli vera sýkn af kröfum stefndu, ef hann synjar fyrir það með eiði eftir löglegan undirbúning á varnarpingi sínu, að hann hafi haft samfarir við stefndu fyrir 10. nóvbr. 1916 á þeim tíma, að hann geti verið faðir að nefndu barni, en ella greiða meðlag með barninu frá fæðingardegi þess eftir ákvæði yfirvalds.

Verði áfrýjanda eiðfall greiði hann stefndu málskostnað í báðum rjettum með 85 kr. Ella falli málskostnaður niður, enda hefir áfrýjandi fallið frá kröfum um málskostnað á hendur stefndu.

Það er aðfinningarvert við meðferð málsins í hjerði, að fullnægjufrestur lögreglurjettardómsins er ranglega ákveðinn 15 dagar og að ritlauna og staðfestingargjalds er ranglega krafist sbr. 3.gr. laga nr. 2/1894 og 9. gr. laga nr. 16/1911.

Því dæmist rjett vera:

Áfrýjandi, Gunnlaugur Magnússon, á að vera sýkn af kröfum stefndu, Þéru Sigurbjargar Jónsdóttur, ef hann innan 8 vikna eftir lögbirtingu dóms þessa, eftir löglegan undirbúning á varnarpingi sínu, synjar fyrir það með eiði, að hann hafi haft samfarir við stefndu fyrir 10. nóvbr. 1916 á þeim tíma að hann geti verið faðir að barni því, Óla Sigurjóni, er hún ól 5. júní 1917 og á málskostnaður þá að falla niður.

Vinni hann aftur móti eigi eiðinn, á hann að greiða meðlag með barninu samkv. úrskurði

yfirvalds og gjalda stefndu 85 kr. málskostnað, að viðlagðri lagaaðför.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Með brjefi dagsettu 7. janúar 1919, sneri stúlkan Þóra Sigurbjörg Jónsdóttir til heimilis á Geirseyri sjer til lögreglustjóra Barðastrandarsýslu, með beiðni um, að hún yrði kölluð fyrir rjett ásamt Gunnlaugi Magnússyni á Vatneyri, sem hún lýsir föður barnsins Óla Sigurjóns, er hún fæddi hinn 5. júní 1917, en sem ekki hefur viljað gangast við faðerninu.

Samkvæmt nefndri beiðni ákvað lögreglustjóri rjettarhald í málinu hinn 4. febrúar þ. árs, og mættu aðiljar eftir munnlegu fyrirfalli. Kærandi krafðist dóms og málskostnaðar. Dómarinn leitaði um settir er reyndist árangurslaust. Málavextir virðast, eftir því sem upplýst er í málinu, vera þessir. Stefndur í málinu kannast við, að holdlegt samræði milli hans og kæranda, hafi farið fram í nóvember 1916, og viðurkennir faðernið, ef það að áliti læknis, geti á nokkurn hátt samrýmst þeim tíma að hann geti verið faðirinn, sem hann frá sinni hálfu telur útilokað.

Að áliti læknis, sem gefið hefur skýrslu í málinu, og sem aðstoðaði við fæðinguna, telur hann sennilegast að nefnd stúlka hafi orðið barnshafandi á tímabilinu 10. ágúst til 14. sept. 1916, en upplýsir hinsvegar um það að meðgöngutíminn geti verið breytilegur frá 240—320 dagar. Að því er snertir álit læknis um, hvort barnið hafi verið fullburða eða ekki, getur hann þess, að svo hafi virst samkvæmt þyngdinni, en tæplega eftir lengdinni. Með því þannig tjeð sveinbarn Óli Sigurjón, virðist geta verið fæddur það fyrir tíma, sem svari til stysta meðgöngutíma 240 daga, og hinsvegar skýrsla stúlkunnar gefin lækni í janúar 1917, þá að hafa menstruerað fyrir 3. mánuðum, miklu frekar styðja en útiloka þann möguleika, að nefnt sveinbarn sje ávöxtur samræðis, er átt hefur sjer stað í nóvember, og framburður stúlkunnar hefur verið hreinn og ótvíræður í því efni, að hún á nefndu tímabili ekki hafi haft afskifti til samræðis af öðrum karlmönnum, og kærður hinsvegar ekkert getað upplýst um það frá sinni hálfu, að hann hafi vitað til þess að svo hafi verið, virðist ekki verða hjá því komist, að dæma nefndum Gunnlaugi Magnússyni faðerni barnsins Óla Sigurjóns, er stúlkan Þóra Sigurbjörg ól hinn 5. júní 1917, og hlaut í skírnninni nafnið Óli Sigurjón, og til þess jafnframt, að svara

meðlagi með nefndu barni, samkvæmt yfirvalds úrskurði, náis ekki samkomulag á öðrum grundvelli.

Svo þykir og rjett, að kærdur greiði kostnað af málssókn þessari, er ákveðst krónur 12.00.

Mánudaginn 17. maí.

Nr. 57/1918

O. Tynes

gegn

Júl. Havsteen f. h. Joh. Balslev

og

gagnsök,

útaf skaðabótum fyrir samningsrof o. fl.

Dómur aukarjettar Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar 16. sept. 1918: Stefnur kaupmaður og útgerðarmaður O. Tynes á Siglufirði greiði stefndum málaflutningsmanni Júl. Havsteen á Akureyri f. h. stórkaupm. Johan Balslev í Kaupmannahöfn kr. 18496,22 — átján þúsund fjögur hundruð níutíu og sex krónur tuttugu og tvo aura, — með 6% vöxtum frá 1. jan. 1916 til þess greitt verður.

Stefnur greiði stefnandanum málskostnað með 150 kr.

Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaðför.

Dómur hæstarjettar.

Akvæðið í samningi aðilja í símskeytunum 12.—24. apríl 1915, um 3000 kr. fyrirframborgun, hafa þeir báðir, eftir því sem skjölin sýna, einkum kvittanir aðaláfrýjanda fyrir afborgunum gagnáfrýjanda af þessari upphæð, 2., 5., 24. og 31. júlí og 2. ágúst 1915, skilið svo, að gagnáfrýjandi skyldi fyrirfram, þ. e. áður en hann fengi neitt lýsi frá aðaláfrýjanda, greiða honum áminsta upphæð smámsaman eftir þörfum til

Hæstarjettardómar 1920.